



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hálsaskógur

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022.....	5
3 Umbótaáætlun 2022-2023	7
4 Innra mat deilda	11
4.1 Stutt greinargerð deildastjóra Furulundar	11
4.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar.....	13
4.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Lerkilundar.....	17
4.4 Stutt greinargerð deildarstjóra á Birkilundi.....	20
4.5 Stutt greinargerð deildastjóra Grenilundar	26
4.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar	29
5 Innra mat sérkennslu.....	33
Mat á sérkennslu 2021-2022.....	33
Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	33
5 Innra mat – fjöltyngd börn	34
Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022	34
Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023.....	35
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	35
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	36
8 Foreldrasamvinna	37
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
10 Fylgigögn.....	39



Leiðarljós leikskólans

Leikur

- Leikurinn er allan daginn.
- Lærum í gegnum leikinn, bæði börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Unnið er út frá áhugasviði hvers og eins.
- Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður.
- Sjálfsprottin leikur.
- Útileikir.
- Hreyfileikir og leikir unnið út frá tónlist.
- Boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til að sköpunar.
- Notum leikinn til að byggja traust.

Virðing

- Að hlusta á aðra, allir hafa rödd og skoðanir.
- Að eiga góð og jákvæð samskipti.
- Vera góðar fyrirmyndir, börn og starfsfólk.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Öll erum við einstök með ólíkar þarfir.
- Efla sjálfsvirðingu.
- Að nálgast hvern og einn á þeirra forsendum.
- Sanngirni, þolinmæði, áhugi og sveigjanleiki.
- Bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Bera virðingu fyrir samstarfsfólki.
- Sýna góðmennsku.

Vinátta

- Traust og heiðarleiki.
- Sýna umhyggju.
- Opin og jákvæð samskipti og að samskipti séu í báðar áttir.
- Sýna samkennd og væntumþykju.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Að hlusta á aðra.
- Að deila með öðrum.
- Að kunna málamiðlun.
- Samvinna og samstarf.
- Hjálpssemi.
- Sýna umburðarlyndi og virðingu.
- Að tilheyra.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 mun verða lengi í minnum haft í huga undirritaðrar en það einkenndist af hólfun, smitvörnum og manneklu. Covid setti sterkan svip á skólasta rfið, rétt eins og það gerði í samfélaginu öllu. Gríðarlegt álag skapaðist vegna fjarveru og veikinda starfsmanna og þurftum við að grípa til faliðunnarferils þó nokkrum sinnum með því að senda heim börn, ýmist hluta úr degi eða allan daginn. Það birti þó yfir með vorinu og horfum við til bjartari tíma næsta skólaár.

Leikskólinn var fullmannaður í ágúst 2021 og héldum við bjartsýn af stað inn í nýtt starfsár. Við ákváðum að halda áfram á sömu braut og fyrri vetur, þ.e. vinna að þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur, vera ekki að bæta við okkur nýjum verkefnum heldur gera vel það sem við kunnum. Þessi ákvörðun varð kannski okkar gæfuspör á þessum erfiða vetri sem var framundan. Við höfðum sett okkur markmið að halda áfram að vinna að því að efla félagsfærni og læsi út frá Menntastefnunni, vinna áfram að því að verða réttindaskóli Unicef, taka fyrstu skrefin í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar og að fá Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Við náðum flestum okkar markmiðum og í byrjun apríl fengum við Regnbogavottunina og í lok apríl tókum við fyrstu tvö skrefin í Grænum skrefum. Það hafði verið á áætlun að fara í námsferð á vordögum 2022 en um áramót ákváðu stjórnendur að fresta henni enn á ný vegna ástands í heiminum. Nú er á döfinni að fara í námsferðina í apríl 2023 og vonum við að það takist í þetta skiptið!



Starfsmenn bjartsýnir með glæsilegan basar í Mjódd sem fjáröflun fyrir námsferð.

Síðastliðið sumar hófst fyrri hluti framkvæmda í garðinum í Borg og lauk honum í lok október. Það er óhætt að segja að það ríkir mikil ánægja með þessar framkvæmdir og erum við full tilhlökkunar yfir að sjá hvernig garðurinn mun líta út í haust þegar framkvæmdunum verður alveg lokið. Á næsta ári er svo ráðgert að byrja á framkvæmdum í garðinum í Koti.


Viðhorfskönnun til starfsmanna var framkvæmd á vordögum og kom hún vel út. Þrátt fyrir mikið álag í starfi þá mældist starfsánægja mjög góð sem er í takt við að það voru allir ákveðnir í að gera það besta úr ástandinu á degi hverjum. Kann ég starfsfólkinu mínu miklar þakkir fyrir það.

Ekki er fyrirséð að það verði miklar breytingar í starfsmannahópnum næsta haust. Tveir starfsmenn hætta og vantar því í tvær stöður fyrir haustið þegar þetta er ritað. Vonandi verður búið að ráða í þær stöður þegar nýtt skólaár hefst.

Við horfum bjartsýn fram á veginn og hlökkum til að sjá hvað nýtt skólaár ber í skauti sér.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat hefur farið fram reglulega á deildarstjórafundum, deildarfundum, fundum stýrihópa og starfsmannafundum ásamt því að endurmeta með börnunum og taka þeirra skoðanir og sýn markvisst inn í umræður um starfið okkar. Hver deild fyllir út endurmatshefti og við höfum reynt að koma í gagnið rafrænni gæðahandbók varðandi viðburði á vegum leikskólans þar sem viðburðir verða metnir jafnóðum á meðan þeir eru okkur enn í fersku minni. Við náðum að halda reglulega deildastjórafundum þó að þeir hafi stundum fallið niður. Deildarfundum er ábótavant og þá sérstaklega í Borg þar sem mannekla var mikil. Fundir stýrihópa hafa að mestu leyti fallið alveg niður fyrir utan Umhverfisnefndarfundum. Við tókum meðvitaða ákvörðun þegar líða tók á haustið um að halda grænfánastarfinu okkar vel virku og til fyrirmyndar þar sem við sáum fljótlega á starfsárinu að við yrðum að velja og hafna með tilliti til aðstæðna. Okkur varð heilmikið framgengt í grænfánastarfinu og hófum vinnu með nýtt þema í haust, Orka og vatn.



Þetta þema var lýðræðislega valið með starfshópnum, þar sem fóru fram umræður á deildarfundum. Sett voru markmið á starfsmannafundi og hugmyndir ræddar sem umhverfisnefndin útfærði. Þau verkefni sem sátu aðeins á hakanum var markviss vinna með Barnasáttmálann og Uppeldi til ábyrgðar. Við höldum inni því sem er nú þegar er verið að vinna með og er komið í fastan farveg hjá okkur en bættum engu við. Viðburðir á vegum leikskólans eru alltaf í þróun hjá okkur og má eiginlega segja að eftir Covid faraldurinn hafi ýmislegt breyst og við fengum aðra sýn á ýmsa hluti.

Sumarhátíðin er gott dæmi um það og standa nú á vordögum yfir umræður hjá okkur um framkvæmd þeirrar hátíðar.

Það helsta sem var rætt og metið sem snýr að innra starfi leikskólans eru eftirfarandi þættir:

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Matseðill leikskólans	Ábendingar og umræður	Starfsmenn	Afar fjölbreyttur og góður matseðill. Minnka rautt kjöt og setja inn aukið grænmetisfæði. Bæta linsubaunum í vinsæla rétti.
Viðburðir á vegum leikskólans	Ábendingar og skrifa niður í rafræna gæðahandbók sem er aðgengileg öllu starfsfólki á sameign.	Starfsmenn og börn	Gott að hafa gæðahandbók sem lifandi skjal þar sem er hægt að aðlagða viðburði að okkar þörfum hverju sinni.
Umhverfisstefna með vísan í Græn skref Reykjavíkurborgar	Farið yfir gátlista grænna skrefa	Í umhverfisnefnd og á starfsmannafundi með öllu starfsfólki	Fengum fyrstu tvö grænu skrefin og vinnum að því þriðja
Dagskipulag	Umræður	Deildastjórar	Einfölduðum dagskipulag og vinnum sköpun, tónlist og hreyfingu í lotum í stað þess að hafa það vikulega í dagskipulagi hverrar deildar.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfsskönnun starfsmanna	Stafræn spurningakönnun	Starfsmenn	Fá fleiri til að svara könnuninni á næsta ári.

3 Umbótaáætlun 2022-2023

Við höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi síðustu starfsár að geta státað okkur að sérlega góðum starfsanda og samheldnum starfsmannahópi. Við erum það vissulega áfram en eftir krefjandi ár finnst okkur mikilvægt að gefa því sérstakan gaum og vinna markvisst að því að skapa góða liðsheild og efla leikskólabrag með þeim aðgerðum sem við setjum fram í umbótaráætlun. Vinnuaðstöðu starfsmanna þarfa að bæta og þá sérstaklega í vinnu með þjálfun barna sem þurfa aukna málörvun eða stuðning af öðru tagi. Rými til þjálfunar er lítið en við höfum úr að ráða eitt sérkennsluherbergi sem er jafnframt skrifstofa sérkennslustjóra. Þeir starfsmenn sem hafa ráðið sig í stuðning með barni eru því á vergangi og hafa verið með þjálfunarstundir í þeim rýmum sem eru laus hverju sinni. Námskráin okkar sem er birt á heimasíðu leikskólans stendur vel fyrir sínu en það eru einhverjar breytingar sem stjórnendur eru sammála um að setja inn í hana. Vegna tímaskorts á síðastliðnu skólaári náðum við ekki að vinna þá vinnu og setjum það því inn í umbótaráætlun fyrir komandi starfsár. Breytingar á námskrá eru hafnar en við viljum vinna þetta meira með öllu starfsfólki leikskólans á starfsmannafundi / skipulagsdegi. Þetta er líka gert til að efla þekkingu starfsfólks á áherslum okkar í starfi og að allir fá að koma með innlegg í umræðuna um hvað við stöndum fyrir. Lýðræði barna hefur fengið fastari sess í starfinu á öllum deildum og starfsfólk er duglegt að hlusta á raddir barnanna, bæði í daglegu starfi og með markvissum aðgerðum. Útinám hefur gengið misjafnlega á deildunum og við höldum því inni sem umbótarþætti þannig að gæði útináms verði sambærilegt á öllum deildum. Það er mikill hugur í deildarstjórum og þær hafa skapað með sér gott og traust faglegt vinnuumhverfi sem mun án efa haldast og eflast á komandi starfsári.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Vinnuaðstaða starfsmanna	Bæta starfsmanna aðstöðu	Óskað hefur verið eftir skála / gámum undir starfsmanna - Rými.	Leikskólastjóri, SFS	Ágúst 2022	Júní 2023		Góða aðstaða verður fyrir starfsmenn í undirbúningi og til að taka kaffipásur. Fleiri rými skapast fyrir þjálfunarstundir barna.
Námsskrá	Uppfæra námskrá leikskólans og starfsmanna- handbók.	Starfsmenn og stjórnendur fara yfir námskrá og starfsmanna handbók á skipulagsdögum og deildarfundum.	Stjórnendur	Ágúst 2022	Apríl 2023	Með starfsfólki á skipulagsdögum og stjórnendur á stjórnendafundum.	Upplýsandi og endurbætt námsskrá sem mun nýtast starfsfólki og foreldrum vel.
Mannauður / leikskólabragur							
Starfsandi	Sameina starfsmannahópin betur í báðum húsum þar sem húsin hafa fjarlægst og ekki er	Vera með uppákomur, starfsmanna gleði og leiki.	Stjórnendur og skemmtinefnd.	Ágúst 2022	Júní 2023	Kanna líðan starfsfólks á vordögum	Leikskólabragur verður jákvæðari og bæði börn og starfsfólk blómstra.



	eins mikil samvinna og var.						
Uppeldis- og menntastarf							
Útinám	Áframhaldandi þróun útináms.	Markviss áætlun í útinámi á hverri deild. Auknar umræður um útinámið á deildastjórafundum og deildarfundum.	Deildas tjórar og stjórnendur	Ágúst 2022	Júní 2023	Símat yfir allt starfsárið á stjórnendafundum og starfsmannafundum.	Öll börn fara í útinám reglulega og við miðum við 1x vikulega.
Læsi	Áframhaldandi þróun læsis og málörvunnar	Skerpa á málörvun í daglegu starfi. Að starfsfólk sjái tækifærin til kennslu við mismunandi aðstæður.	Allt starfsfólk	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræður á deildarfundum og stjórnendafundum.	Aukin gæðináms og öruggari einstaklingar
Innra mat							
Uppeldi til ábyrgðar	Halda áfram því sem við erum nú þegar að gera. Bæta inn þarfagreiningu barna og vinna með táknið á eldri deildum	Kynna fyrir börnunum fiðrildið (frelsi), blöðruna (gleði), stjórnuna (áhrif) og hjartað (tilheyra).	Deildas tjórar og stjórnendur	Ágúst 2022	Júní 2023	Samtöl við börnin, nýta demantaaðferðina og skráningar. Umræður á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Börn og starfsfólk nýta sér kosti hvers og eins út frá þeirra ríkustu þörf.
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	Klára að vinna verkefni barnasátt	Skrá niður hvaða hópur vinnur hvaða verkefni í	Ágúst 2022	Maí 2023	Bryndís, Dorte,	Á stýrihópafundum, mat verkefna	Aukin þekking á inntaki barnasáttmála



	máls með öllum 4 ára börnum	þar til gert skjal sem er á sameign.			Rakel og Dagbjört	með börnunum og á deildarfundum í Koti	lans og réttindaskóli UNICEF
Pema / Lotur	Áframhaldandi þróun á nýju dagskipulagi sem hefur reynst vel	Setja niður og skipta niður í lotur í upphafi skólaárs	Ágúst 2022	Septem ber 2023	Deildarstjórar	Á deildarstjórafundum og deildarfundum.	Markvissari vinna sem nær yfir lengri tíma. Skilar sér í auknum gæðum náms.



4 Innra mat deilda

4.1 Stutt greinargerð deildastjóra Furulundar

Aðlögunin á þessu skólaári gekk mjög vel. Við ákváðum að prófa að halda sama formi á aðlöguninni og á síðasta ári. Til að halda þátttökuaðlöguninni þá skiptum við börnunum upp í smærri hópa og við tókum á móti börnum fyrir og eftir hádegi fyrstu þrjá dagana. Við sameinuðum tvo litla hópa á 4 degi. Með þessu móti gátum við gefið hverju barni aukna athygli og kynntumst þeim betur áður en foreldrarnir kvöddu. Þar sem þetta gekk svona vel ætlum við að halda sama fyrirkomulagi í haust.

Haustið gekk ágætlega hjá okkur, m.a. vegna þess að börnin sem við fengum inn voru eldri. Börn á þessum aldri leika sér í samhliða leik en fljótlega fór að bera á samleik á milli barnanna. Dúkkuleikur og eldhúsið var mjög vinsælt í vetur og það var frábært að sjá litlu krílin horfa á stóru börnin í leik og sjá þau þroskast inn í leikinn. Það var áberandi að leikfærnin hjá þessum barnahóp var mjög góð.

Við vorum með fimm sérkennslu börn í upphafi skólaársins og þriggja manna teymi sem sinnti þeim. Við reyndum eftir bestu getu að sjá til þess að þessi börn fengu að halda sínum stuðning og það gekk nokkuð vel, sumar vikur voru þó erfiðari en aðrar. Þetta teymi hefur starfað mjög vel saman og framfarirnar sem börnin náðu eru stórkostlegar.

Um áramótin varð hreyfing á börnum sem krafðist að við þurftum að taka annað aðlögunar tímabil. Þá fóru nokkur börn fóru yfir á eldri deild og við fengum yngri börn í staðinn, deildin yngdist því töluvert eftir áramót. Nýju börnin munu fylgja okkur næsta haust inn í nýtt skólaár og það verður frábært að hafa fyrirmyndir fyrir nýju börnin sem byrja í haust þannig að þau sjá hvernig leikskólalífið virkar.

Síðustu tvö ár á leikskólanum hafa verið virkilega krefjandi. Þar hafa aðallega Covid og stytting vinnuviku markað starfsemina mest. Fyrirvaralausar breytingar á sóttvarnareglum og hólfun hefur virkilega tekið á fólk. Þá höfum við einnig þurft að hlaupa hraðar vegna manneklu sem skapast vegna styttingu vinnuviku. Við höfum ekki fengið aukið fjárframlag til að ráða viðbótar starfsfólk. Við reynum þó eftir bestu getu að mæta tilbúin til vinnu. Það er þó hægara sagt en gert þegar reglurnar breyttust nánast dag frá degi. Leikskólastarfið í heild sinni er mjög flæðandi, þrátt fyrir að hafa fastann ramma er hver dagur einstakur. Við sem störfum innan leikskólans erum vön því að þurfa að vera sveigjanleg en þetta var orðið full mikið af því góða.



Útinám, þemavinna og markviss málörvun voru þeir hlutir sem við ætluðum að vinna sérstaklega að. Deildarfundir féllu oft niður þannig að sameiginleg umræða starfsfólks um starfið var ekki til staðar. Það reyndist okkur erfitt að samstilla starfsmannahópinn og sérstaklega að halda utan um faglega starfið, t.a.m. var ekkert útinám í vetur. Þemavinnan var unnin í skorpum og hefði mátt vera markvissari en á samantíma voru börnin svo ung að erfitt var að kafa mjög djúpt í viðfangsefnið. Málörvunin gekk best hjá okkur, við vorum dugleg að ræða við börnin um allskonar málefni og leggja inn ný orð. Við lásum mikið fyrir þennan hóp og þau voru mjög dugleg að hlusta og höfðu mikinn áhuga á bókum. Við stefnum á að efla einstaklings lestrarstundirnar í næsta vetur, það mun nýtast vel sem málörvun og hluti af Gefðu 10.

Starfið í vetur einkenndist af því að komast í gegnum daginn. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður þá stóð starfsfólk deildarinnar sig ótrúlega vel. Aðalmarkmiðið okkar á yngstu deild í leikskóla er að kenna börnunum okkar hvernig er að stíga sín fyrstu skref í skólakerfinu. Þau læra að matast, leika sér við aðra og klæða sig. Þessi aðalmarkmið gengu vel. Okkur tókst að halda vel utan um barnahópinn og styðja við þau í þessu ferli. Þau vita að hverju þau ganga, eru örugg, glöð og kát að koma í leikskólann. Næsta haust verður aðaláhersla okkar á útinámið. Þar sem við höfum svona flottan hóp sem fylgir okkur yfir á næsta skólaár megum við búast við að aðlögunin taki ekki eins langan tíma og því fyrir hægt að hefja hefðbundið starf.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildarfundir	Vikulegir deildarfundir. 30 mín í senn	Ákveðinn tími tekinn frá í hverri viku.	Stjórnendur leikskólans. Deildarstjórar sjá um framkvæmd.	Ágúst 2022	Mái 2023	Setjast niður ræða starfið. Allir, starfsmenn og börn geta haft áhrif á starfið. Gera fundargerðir	Í lok annar skoða fundargerðir. Náðist samheldnin sem við vildum.
Einstaklings miðuð lestrarstund	Hvert barn fær einstaklings miðuðar lestrarstundir	Hvert barn fær sögustund amk. 3 sinnum í viku helst á hverju degi.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Ágúst 2022	Mái 2023	Við metum árangurinn á deildarfundum.	Sækjast börnin í þessar stundir, er þetta eitthvað sem þau hafa áhuga á.
Útinám	Að öll börn fari í útikennslu amk. 1 sinni á tveggja vikna tímabili. Markvissari ferðir eftir áramót.	Fara í ferðir með litla hópa (4-6) með tveim starfsmönnum Setja ákveðna dagsetningu eftir áramót, hvenær útinám hefst aftur.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Ágúst 2022	Júní 2022	Við metum árangur á deildarfundum Setjum upp skjal og merkjum inn dagsetningar og hóp barnanna sem fara í ferðina hverju sinni. Einstaklings samtöl við hluta barnanna. Nota myndir til að fá börnin til að velja hvert leiðin liggur.	Við stefnum að því að börnin þekki nærumhverfi sitt, náifærni í að ganga saman í hóp.

4.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar

Veturinn 2021-2022 var talsvert krefjandi bæði fyrir börn og starfsfólk. Covid setti sannarlega mark sitt á leikskólastarfið líkt og árin áður. Forföll bæði barna og starfsfólks voru töluverð. Þar fóru saman faraldurinn sjálfur og aðrar skæðar umgangspestir sem lögðust á börn og fullorðna og hafði þetta allt

áhrif á daglegt starf deildarinnar. Að styttingu vinnuvikunnar viðbætti þá urðu dagarnir ófáir sem starfsemin raskaðist verulega.

Aðlögun barnanna síðastliðið haust var skipt í tvennt. Fyrst komu börnin af Furulundi til okkar með starfsmanni þaðan í fimm daga og svo voru þau ein með starfsfólki Reynilundar í viku áður en að börnin sem komu ný inn í leikskólann byrjuðu í aðlögun. Liður í því að auðvelda aðlögun barnanna var sá að þau sem færðust til okkar frá Furulundi væru orðin nokkuð heimavön áður en að nýju börnin kæmu í aðlögun. Þessi skipting reyndist vel og við ætlum að nýta hana áfram. Annað haustið í röð var aðlögun nýrra barna með breyttu sniði vegna covid en hópnum var skipt í tvo hópa sem komu á sitthvorum tíma, ýmist fyrir eða eftir hádegi. Það gekk mjög vel og var tekin ákvörðun um að halda sama fyrirkomulagi áfram. Við vonum auðvitað að nú séum við endanlega laus við þær takmarkanir sem faraldurinn hefur sett okkur en við viljum hafa vaðið fyrir neðan okkur af fenginni reynslu.

Samverustundir voru með sama fyrirkomulagi og í fyrra enda reyndist það vel. Í söngstundum sem eru tvisvar sinnum á dag er allur hópurinn saman og í lestrarstundum er þeim skipt í þrjá hópa eftir skilningi þeirra og getu svo öll fá lestrarstund sem miðar að þroska hvers og eins. Hópurinn í ár var talsvert sundurleitur og því héldust þrír lestrarhópar út skólaárið en áður höfum við fækkað þeim í tvo eftir því sem þroska og getu barnanna vindur fram.

Útinám. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa í útinámi til að byrja með. Fyrst á haustin er áherslan í útináminu fyrst og fremst sú að læra að fara út fyrir leikskólalóðina, kanna nánasta umhverfi og halda hópinn. Við fengum afhent nýtt útinámssvæði s.l. haust sem við nýttum talsvert. Dæmi um verkefni þar var að læra liti og að telja. Við það notuðum við t.d. fiðrildi sem voru falin um svæðið og önnur verkefni úr útináms verkefnabankanum. Talsverð mannekla hafði áhrif á útinámið í vetur og því var einkar hentugt að hafa þetta glæsilega útinámssvæði. Við skoðuðum einnig breytingar á náttúrunni í aðdraganda vetrar og gerðum tilraunir og veltum fyrir okkur hamskiptum vatns. Megin áherslan í útináminu þegar leið á haustönn og í byrjun vorannar var að gera ýmis verkefni og tilraunir tengdar vatni sem tengist þeirri þemavinnu sem við höfum unnið að s.l. skólaár og munum einnig vinna að það næsta, en það er *Vatn og orka*. Vegna þess hversu oft útinámið datt niður vegna manneklu leituðum við nýrra leiða og höfum samstarf við aðra deild, Lerkilund í útinámi og fórum í nokkrar ferðir með blandaðan hóp barna og kennara af þessum tveimur deildum. Það reyndist vel og við reiknum með að halda þessu samstarfi áfram. Útinámið verður áfram í umbótaáætlun Reynilundar fyrir næsta ár, við náðum ekki markmiði okkar um að öll börn færu í útinám í hverri viku og við viljum því halda þeim þætti inni áfram.





Reynilundur stefndi að umbótum í tónlistar og hreyfistundum veturinn 2021-2022. Tekin var ákvörðun um það að við myndum setja þessar stundir ásamt myndlist í sérstaka þemamánuði sem skiptast á milli deilda. Ein deild í hvoru húsi vann þannig markvisst að einu þema í mánuði og skapaði það betri aðgang að rýmum fyrir þá deild sem vann að ákveðnu þema í hverjum mánuði fyrir sig. Þessi þemavinna gekk mjög vel á Reynilundi, við unnum markvisst að myndlist í september og janúar, tónlist í október og febrúar og hreyfingu í nóvember og mars. Meiri samfella varð í verkefnum tengdum hverjum þætti fyrir sig og vinnan varð mun markvissari með þessum hætti. Við teljum því að markmiðum okkar í þessum umbótaþætti hafi verið náð þrátt fyrir miklar áskoranir og manneklu s.l. vetur.

Lubbastundir hafa haldið sér í hverri viku í vetur og við erum mjög stolt af því hversu vel hefur gengið með þær. Í hverri viku er eitt málhljóð tekið fyrir en stundirnar eru tvisvar sinnum í viku og því er farið í sama málhljóðið tvisvar sinnum. Það sem við viljum helst bæta er að leggja enn meiri áherslu á að börnin tileinki sér hreyfingar málhljóðanna og búa til flottan og aðgengilegan Lubba verkefnabanka til þess að styðja við sjónræna þáttinn.

Málörvun hefur gengið ágætlega í daglegu starfi. Við ætluðum okkur að vera með sérstakar stundir í byrjun hvers dags til þess að efla enn frekar þau börn sem þurfa á aukinni málörvun að halda. Það gekk ekki eins vel og við vonuðum en það var helst vegna tíðra veikinda og forfalla bæði starfsfólks og barna. Undirbúningstímar starfsfólks féllu oft niður í vetur og því stefnum við á að búa til aðgengilegan verkefnabanka inni á deild sem auðvelt er að grípa til fyrir þessar stundir. Með því vonumst við til að auðveldara verði að nýta lausa tíma í málörvun með litlum hópi barna og einstaklings stundir.



Með auknu samstarfi á milli deilda í Borg sem hófst í fyrra hefur okkur gengið vonum framár að takast á við miklar áskoranir í starfinu á síðastliðnum tveimur vetrum. Líkt og víða annarsstaðar er plássleysi vandamál hjá okkur í Hálsaskógi og við höfum verið ötul við að leita nýrra leiða til að takast á við áskoranir sem tengjast því. Snjóþungur vetur með tíðum veðurviðvörðunum hamlaði útiveru nokkuð oft sem jók enn frekar á þær áskoranir. Við trúum því og treystum að nú séu bjartir tímar framundan án takmarkana vegna veirunnar og horfum björtum augum til komandi skólaárs og sjáum mörg tækifæri framundan til þess að bæta okkar starf og ná settum markmiðum.

Útinám ...	Að öll börn fari í útinám 1 sinni í viku.	Tveir starfsmenn fara saman með fámennan barnahóp í einu. Samstarf við Lerkilund með blandaða hópa.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haust 2022	Vor 2022	Á deildarfundum og eftir þörfum.	Fjölbreytt námsumhverfi. Að börnin læri að umgangast og tengjast náttúrunni og að styrkja líkamann.
Markviss málörvun	Að auka orðaforða framburð og skilning.	Ísl2 börn og önnur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fáa kennslu í litlum hópum 2x í viku.	Deildarstjóri og starfsmenn.	Tvisvar sinnum í viku frá því skipulagt starf hefst	Vikulega á deildafundum.	Umræður á deildarfundum... Niðurstöður formlegra og óformlegra málþroskaprófa	Starfsfólk sinni málörvun af fagmennsku og samvirkusemi. Börnin sýni áhuga og njóti stundanna.

Endurmat með börnum.	Að auka hlut barnanna í að meta hvernig starfið gengur.	Setja inn skipulagða endurmatsstund með hópi barna einu sinni í mánuði allt skólaárið.	Deildarstjóri ..	Hvert barn verði hluti af hópi í endurmati a.m.k einu sinni á önn.	Áramót 22-23 og aftur vor 2023	Á deildarfundum og eftir þörfum.	Börnin hafi áhrif á starfið.
-----------------------------	---	--	------------------	--	--------------------------------	----------------------------------	------------------------------

4.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Lerkilundar

Veturinn 2021-2022 var með margvíslegu óvenjulegu sniði. Haustið byrjaði vel starfsmannalega séð með allt sama starfsfólk deildarinnar og árið áður en það er aðeins breytt í dag. Ég er að leysa af deildarstjóra í veikindaleyfi síðan um miðjan mars 2022 og hefur það gengið ágætlega. Að auki fór ein okkar í fæðingarorlof. Þar sem þetta ár var frekar óvenjulegt þá ætla ég að nýta mér það að nota umbótaáætlun síðasta árs að mestu aftur, með smávægilegum breytingum þó og verður þessi greinargerð mestmegnis frá minni sýn og reynslu sem starfsmaður á deild þar sem stutt reynsla er komin á deildarstjórstöðuna.

Aðlögun barnanna gekk að mestu vel og voru flest börnin meira en til í að hefja sína leikskólagöngu. Aðlögun var með sama sniði og síðasta ár þar sem Covid er enn í gangi og vildum við vera við öllu búin ef ný bylgja myndi hefjast. Börnin frá Furulundi voru afskaplega spennt fyrir aðlögun á nýja deild og gekk það eins og í sögu.



Lubbastundir eru alltaf á sínum stað á Lerkilundi. Á mánudögum kemur Lubbi í heimsókn og kynnir fyrir börnunum nýtt málhljóð. Við hlustum á lögin um málhljóðin, tölum um hver á hvaða staf/ málhljóð, rímum o.fl. Það er sama hversu mikið breytist hjá okkur, Lubbi heldur alltaf sínum stundum og hafa börnin afskaplega gaman af. Börnin biðja oft um að fá að hlusta á lögin og syngja hátt og



snjallt með og gera hreyfingar málhljóðsins.

Uppeldi til ábyrgðar hefur líka gengið vel. Öll börnin gerðu hús þar sem límdar voru á myndir af fjölskyldunni þeirra og því sem veitir þeim öryggi. Börnin geta alltaf nálgast húsin sín og skoðað þau ef eitthvað bjátar á. Gott er að sjá hvað þau eru ánægð með húsin sín og hafa gagn og gaman af því að skoða þau. Við gerðum líka deildarsáttmála og spjölluðum um það hvernig við viljum láta koma fram við okkur til þess að okkur líði vel hér á Lerkilundi. Við settum okkur nokkur markmið og reynum að fara eftir sáttmálanum eftir bestu getu. Börnin samþykktu svo sáttmálann með fingrafari.

Tónlist, hreyfing og myndlist var allt sett saman í sérstaka þemamánuði þar sem eitt viðfangsefni var tekið fyrir í hverjum mánuði. Í september og janúar vorum við með hreyfingu, þá fórum við fast einu sinni í viku í markvissa hreyfistund. Settar voru upp þrautabrautir og börnin fengu æfingu í hinum ýmsu grófhreyfingum eins og að klifra í rimlum, æfa jafnvægið, hoppa, hlaupa og fl. Í október og febrúar var myndlist og þá var markviss myndlist einu sinni í viku, þar sem gerðar voru ýmsar gerðir listaverka með mismunandi tækjum og tólum og aðferðum. Og í nóvember og mars vorum við með tónlist. Þá fengu börnin að prófa alls kyns hljóðfæri, æfðum okkur að spila í takt og hlusta á þegar aðrir spila tónlist. Auk þess sem við hlustuðum á tónlistarævintýrið Pétur og Úlfurinn sem féll mjög vel í kramið hjá börnunum.



Útinámið er alltaf jafn skemmtilegt. Börnin hafa ótrúlega gaman af því að fara í gönguferðir, skoða sitt nánasta umhverfi og upplifa og njóta. Útinámið datt stundum út vegna manneklu en við höfum samstarf með Reynilundi til þess að halda því betur við. Það reyndist mjög vel og við reiknum með að halda þessu samstarfi áfram. Útinámið verður áfram í umbótaáætlun Lerkilundar fyrir næsta ár þar sem ekki náðist markmið okkar um að öll börn færu í skipulagða útinámsstund einu sinni í viku.

Málörvun verður líka á umbótaáætlun Lerkilundar fyrir næsta ár aftur þar sem ég get ekki skrifað undir það að hún hafi gengið eins vel og við hefðum viljað. En við höfum mikið talað saman og börnin fá lestur á hverjum einasta degi enda finnst þessum hópi einstaklega skemmtilegt að hlusta á sögur og spjalla um bækurnar og lærum við afskaplega mikið af því.

Við horfum nú björtum augum til komandi skólaárs og vonum innilega að næsti vetur verði án takmarkanna vegna veirunnar.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fái skipulagða útinámsstund einu sinni í viku.	Skiptum börnunum í hópa eftir getu þeirra og þroska. Rannsókn um umhverfið okkar, upplifum og njótum.	Allt starfsfólk á deild	1.sept. 2022	1.júlí. 2023	Starfsfólk metur árangur og starfið á vikulegu deildarfundum. Endurmetum með börnunum með demantsaðferð og umræðum.	Að börnin fái þjálfun og kennslu hvað varðar umgengi um náttúruna, þrautseigju, samheldni og lausn verkefna

Bókmenntir barna	Að öll börn fá lestrarstund 1x á dag að lágmarki.	Skiptum börnunum í hópa eftir getu þeirra og þroska og veljum bækur við hæfi.	Allt starfsfólk á deild	1.sept. 2022	1.júlí. 2023	Starfsfólk metur árangur og starfið á vikulegum deildarfundum. Endurmat með börnum fer fram með umræðum	Að börnin þjálfist í hlustun og geti unnið úr þeim upplýsingum sem lesið er um.
Markviss málörvun	Markviss málörvun verði enn betur fest í sessi í skipulögðu starfi	Þjóðum hverju barni á deildinni upp á einstakling smiðaða málörvun	Allt starfsfólk á deild í samstarfi við verkefnastjóra málörvunar	1.sept. 2022	1.júlí. 2023	Staða og árangur verði metinn af starfsfólki deildar með deildarstjóra á reglulegum fundum	Að þau verði metin í upphafi vetrar og aftur að vori, einstakling smiðaður árangur.

4.4 Stutt greinargerð deildarstjóra á Birkilundi

Útinám: Útinám gekk vel í vetur að jafnaði fóru öll börn einu sinni í viku og létum við hvorki færð né veður stoppa okkur. Við höfðum sett okkur það að börnin færu bæði í sínum hóp og eins að fara öðru hvoru með deildina saman. Það gekk vel að börnin færu með sínum hóp en deildinn fór ekki nema einu sinni öll saman í útinám. Næsta vetur ætlum við að standa okkur betur í þessu og setjum okkur það markmið að fara einu sinni í mánuði með allan hópinn saman. Til þess að þetta gangi eftir ætlum við að ákveða viku en ekki dag og horfa eftir því að allir starfsmenn deildar séu mættir. Þegar heim er við komið eftir sameiginlegt útinám ætlum við að setjast niður með börnunum og endurmeta með þeim útinámið. Börnin eru auðvitað oft höfð með í ráðum hvað á að gera í útináminu en við viljum virkja börnin meira í því hvað þau vilja gera í útináminu og fá hugmyndir frá þeim sem við setjum í gagnabanka fyrir deildina. Þegar farið er í útinám þá er hægt að kíkja í þennan gangabanka og börnin geta valið sér hvað það er sem þeim langar til að gera. Í vinnustund einu sinni í mánuði stefnum við að því að hver hópur meti útinámið þann mánuðinn, kennari skrifni niður það sem börnin segja og lesi upp það sem kom úr fyrra endurmati. Því þegar börnin setjast niður þá koma oft fram margar misjafnar skoðanir á því hvað ætti að gera og þarf þá hópinn að finna lausn sem allir eru sáttir við.

Demantaaðferð: Við settum okkur það að hvert barn tæki þátt í því að gera tvo demanta yfir hvora önn því miður náðist það markmið ekki hjá öllum vinnustundarhópum. Ætlum við að halda áfram að vinna með Demantaaðferðina því þetta er góð leið til að meta marga þætti í starfi deildarinnar og leikskólans. Í demantaaðferðinni er auðvelt að nota opnar spurningar þannig að raddir barnanna

heyrir og þau geri sér grein fyrir því að þeirra skoðanir skipti máli. Ákveða í upphafi skólaárs hver það er sem ber á ábyrgð á því að gera demant með hverjum hóp, teljum ef hópstjórar viti af því að þeir eigi að gera demant með sínum hópnum tvisvar á önn þá sé þetta gert. Deildastjóri deildar ætlar að finna lesefni, kynna og upplýsa starfsfólk deildar betur um demantaaðferðina þannig að allt starfsfólk deildar verði öruggt á henni og njóti þess að gera hana með börnunum.

Uppeldi til ábyrgðar: Unnum því miður lítið með þetta í vetur og náðum ekki þeim markmiðum sem við settum okkur. Deildinn ætlar því að taka sömu markmið fyrir næsta skólaár sem við settum okkur á síðasta skólaári. Gerðum Y spjald og deildarsáttmála og áttum mjög góða umræðu með barnahópnum í kringum þá vinnu. Ætlum að kynna fyrir þeim hvaða eiginleikar eru ríkjandi hjá hverjum þætti og hvað felst í því að vera hjarta, stjarna, blaðra eða stjarna. Að börnin finni út frá þeirri umræðu með kennurum og hópnum hvaða eiginleikar eru helst ríkjandi hjá þeim. Teljum að þessi vinna hjálpi börnunum að hafa meiri trú á eigin getu og þannig að þau öðlist sterkari sjálfsmynd. Þessi vinna mun líka verða til þess að kennarar deildarinnar vera betur meðvitaðir um styrkleika og veikleika hvers barns og eiga því auðveldara með að koma á móts við barnið út frá því.

Vinnustundir: Vinnustundir gengu yfirleitt vel í vetur þrátt fyrir erfiðan vetur vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Enn við viljum gera enn betur og höfum rætt við börnin hvernig þau vilja hafa vinnustundirnar. Margt áhugavert hefur komið út úr þeirri vinnu og ætlum við í samræmi við þær hugmyndir sem upp hafa komið að breyta fyrirkomulagi vinnustunda. Var hópurinn (börn og kennarar) sammála um að við færum að nota tímavaka svo börnin gætu séð hvað langt væri eftir af stundinni því það væri erfitt að vita ekki hvað tímanum liði. Að vinnustundinn væri tvískipt, fyrst myndu þau vinna einhver verkefni sem tengjast mál og læsi í 15-25 mínútur allt eftir getu hópsins. Eftir skipulagða vinnu kæmi val í 15-25 mínútur þar sem börnin fengju að velja á milli tveggja til þriggja viðfangsefna. Að hver vinnustundarhópur myndi ákveða í upphafi hvað ætti að vera í vali hjá sýnum hóp. Við prófuðum þetta seinni partinn í vetur og voru allir bæði börn og kennarar ánægðir með þetta nýja fyrirkomulag. Var það ósk barnanna að vinnustundir yrðu með þessum hætti næsta vetur. Hópstjórar næsta vetur munu horfa eftir getu barna í hópnum þegar horft er eftir verkefnum fyrir hópinn. Hópstjórar nota hluta af sínum undirbúningstímum til að finna verkefni fyrir hópinn og hafa hópinn reglulega með i ráðum hvaða verkefni á að vinna. Á deildarfundum ætlum við að fara reglulega farið yfir markmið og leiðir vinnustunda, hvað gengur vel og hvað ekki, jafnframt því að hver hópstjóri ræði við sinn hóp og endurmeti með honum. Að hausti verði raðað í hópa eftir getu og það verði færri börn í getu minni hópum svo kennari geti betur haft yfirsýn og stutt betur við þau sem það þurfa svo raddir allra barna heyrir.




Hugmyndakassi: Okkur á deildinni langar til að raddir barnanna á deildinn heyrist meira og höfum við rætt hvaða leiðir getum við farið svo að það verði. Kom fram sú hugmynd í starfsmannahópnum að setja upp hugmyndarkassa og ætlum við að ræða við börnin hvað þeim finnst um það. Kennarar á deildinni myndu þá ræða við börnin hvað hugmyndakassi er, hver tilgangurinn er með honum og heyra hvað þeim finnst. Leggja í hendur barnanna hvernig þau vilja útfæra hugmyndakassann (vilja þau mála og skreyta kassann eða hafa þau einhverjar aðrar hugmyndir) og hvar halda þau að best sé að setja upp hugmyndakassa á deildinni. Að sett væru lítil blöð og blýantur við hlið kassans, þannig að börn geti komið til kennara beðið þá um að skrifa sína hugmynd á blað og síðan setja þau hana í kassann. Setja nöfn barnanna á miðana svo við sjáum hvort hugmyndir koma frá öllum börnum eða ekki. Ef það eru einhver börn sem af einhverjum orsökum setja lítið eða ekkert í hugmyndakassann að kennarar hvetji þau og örvi til að leggja líka fram sínar hugmyndir. Taka úr hugmyndakassanum einu sinni í viku best í samverustundum fyrir mat á mánudögum. . Fara yfir hvað af þessum hugmyndum getum við gert og hvernig og er eitthvað sem ekki er framkvæmanlegt.

Spila: Höfum tekið okkur á í þessum efnum og börnin eru orðinn miklu öruggari og áræðnari að leita eftir því að ná í spil og fá kennara til að spila eða biðja um eitthvað ákveðið spil til að spila með kennara og öðrum börnum. Börn og kennarar þekkja miklu betur þau spil sem til eru í leikskólanum.

Félagsfærni: Höfum unnið mikið með félagsfærni barnahópsins, hvernig hægt sé að efla félagsfærni í hópnum þessi vinna hefur orðið til þess að við ætlum að setja þetta markvissara inn í allt starf á deildinni. Við teljum okkur hafa fundir lausnir með það hvernig það sé hægt, enn við ætlum að vera vakandi yfir þessu og endurmeta reglulega hvernig þessi vinna gengur.

Börn með íslensku sem annað tungumál: Þarna fórum við í naflaskoðun á því hvernig deildinn vann með tvítyngd börn hvað var vel gert og hvað ekki. Settum okkur upp vinnureglur og viðmið þetta hefur gengið vel og markvissari vinnubrögð hefur náð inn í vegg deildarinnar. Deildinn ætlar að halda áfram á sömu braut og byggja ofan á þekkingu sem komin er en vera vel vakandi svo sá árangur sem náðst hefur í vinnu með tvítyngi glattist ekki.

Deildarfundir: Þau markmið sem við settum okkur náðust, deildarfundir eru orðnir markvissari og er allt starfsfólk deildarinnar sammála um það.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fari að minnsta kosti einu sinni í viku í útinám	Fara í minni hópum og einu sinni í mánuði öll deildinn saman	Starfsmenn deildar	Sept. 2022	Júní. 2023	Börnin meti einu sinni í mánuði útinámið bæði í litlum og stórum hóp. Kennarar skrái mat barnanna og leiðir. Kennarar fari yfir á deildarfundum hvað gengur vel og hvað má betur fara	Börnin læri að bera virðingu fyrir hvort öðru, umhverfinu og náttúrunni. Finni sér verkefni sem vekja forvitni þeirra, sköpun og hvetja þau til gagnrýnnar hugsunar, rannsóknar og kannana.
Demantaaðferð	Gera demant tvisvar á hvorri önn með börnunum. Að börnin finni að þeirra skoðanir, upplifanir og sjónarmið skipti máli fyrir alla.	Í vinnustundum. Hver hópstjóri ber ábyrgð á því að þetta sé gert. Börnin taki ákvörðun um það hvað þau vilja meta hverju sinni.	Hópstjórar Vinnustunda	Sept. 2022	Maí 2023	Deildarfundum starfsmenn ræði saman. Í vinnustundum, hópstjóri ræði við sinn hóp með að gera demant og hvað það er sem börnin vilja endurmeta. Ef það kemur upp sú krafa hjá börnunum að þau vilji gera demant þá geri hópstjóri demant með þeim.	Að bæði börn og kennara fái betri yfirsýn yfir hvað það er sem höfðar til barnanna í leik og starfi

Uppeldi til ábyrgðar	Greina börnin hvort þau séu hjarta, stjarna, blaðra eða fiðrildi. börnin finni hvar þeirra styrkleikar og veikleikar liggja:	Kynna þetta fyrir börnunum hvað er ríkjandi í hverjum þætti fyrir sig og finna það út með þeim hvort þau séu hjarta, stjarna, blaðra eða fiðrildi	Deildarstjóri Starfsfólk Deildar	Sept 2022	Des 2022	Starfsfólk deildar kynni sér hugmyndafræðina á bak við Uppeldi til ábyrgðar í undirbúningstímum að hausti. Ræða á deildarfundum hvernig gengur og að starfsfólk styðji hvert annað í þessari vinnu. Meta reglulega með börnunum hvað, hvernig og hvers vegna við erum að gera þetta.	Að starfsfólk og börn læri að þekkja sína styrkleika og veikleika. Læri að við erum ekki öll eins og virða mörk hvort annars.
Vinnustundir	Vinnustundir séu skipulagðar til að ná betri samfelli í hljóðkerfisvitund og læsi námi barna. Börnum raðað í hóp eftir getu. Börnin fá að vera með þegar ákveðið er hvað á að gera í vinnustundum. Allir hópar taki Lubbi finnur málbein	Skipulega vinnustundir í byrjun annar. Nota tíma vaka. Finna verkefni er víkka út áhugasvið barnanna í mál og læsi. Vinna markvist að eflingu læsi í víðum skilningi s.s. á umhverfi,	Deildarstjóri Kennarar sem eru með vinnustundarhópa	Sept 2022	Maí 2023	Umræður á deildarfundum einu sinni í mánuði eða eftir þörfum. Endurmeta reglulega með börnunum í hverjum hóp hvað þau vilja gera í vinnustundum. Bæði í skipulögðum stundum og eins í frjálsum tímanum.	Starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir hæfni allra barna þannig að þeir geti gripið fyrir inn ef barn þarf meiri örvun í mál og læsi



	einu sinni í viku	samskipti , tákni, myndmál , ritmál og tölur					
Hugmyndakassi	Að börnin skynji að þeirra upplifanir, skoðanir og sjónarmið skipti máli.	Að börnin finni að það séu ekki bara kennarar nir sem ráði heldur þau líka. Að börn og kennarar vinni saman og læri að finna sameiginl egið lausnir.	Allt starfsfólk deildar	Sept 2022	Júní 2023	Endurmeta á deildarfundum sirka einu sinni í mánuði. Endurmeta með börnunum og heyra hvað þeim finnst ganga vel og hvað má betur fara í vinnustundum og samverustundum.	Að börnunum finnist vera hlustað á þeirra rödd og gera þau áræðnari í því að koma fram með sínar skoðanir og langanir.



4.5 Stutt greinargerð deildastjóra Grenilundar

Uppeldi til ábyrgðar: Við unnum Y spjaldið með elstu börnunum um það hvað þau vilja sjá, finna og heyra á leikskólanum. Við gerðum deildarsáttmálann með börnunum og voru börnin alveg sammála hvaða þættir við vildum hafa á deildinni okkar svo öllum líði vel. Við hefðum vilja vinna meira með uppeldi til ábyrgðar eins og að vinna með börnunum að styrkleika barnanna, hvaða eiginleika þau hafa hvort þau séu blaðra, hjarta, fiðrildi og stjarna og er það í umbótaþætti okkar fyrir næsta skólaár.

Útinám: gekk mjög vel hjá okkur fram að febrúar þá voru markviss útinám hjá okkur, öll börnin fóru í útinám 1-2 sinnum í viku. Veturinn var mjög erfiður í sambandi við útinám hjá okkur mikill snjór og mannekla sem gerði það að verkum að við gátum stundum ekki farið í útinám allavega ekki eins oft og við hefðum viljað.



Félagsfærni: Eftir þennan vetur hjá okkur þá sáum við hvað okkur finnst mikilvægt að börnin öðlist hæfni til að eiga í jákvæðu og árangursríku samskiptum. Í vetur hefur okkur fundist vantar uppá félagsfærni barnanna á deildinni og mikið af árekstrum í barnahópnum, sérstaklega hjá elstu börnunum okkar. Við vitum að seinustu tvö ár hafa verið börnum erfitt vegna covid og líklegt að það geti skapað þennan pírting og árekstra hjá börnunum. Markmið okkar er að kenna börnum að geta sett sig í spor annarra, geta unnið saman, vera vinir og eiga góð samskipti sín á milli.

Sögustundir: Hefur gengið mjög vel og sjáum við aukna færni hjá börnunum í að hlusta á bækur og vera með í lestrarstundum. Í byrjun skólaárs skiptum við sögustundinni í tvo hópa, yngri og eldri börn en sjáum það fljótt eða í október að þetta var ekki að ganga, það voru börn sem gátu ekki verið saman í lestrastund voru mjög truflandi og ákváðum við því að skipta hópnum í tvo hópa eftir getu og gengur það mikið betur þá fá öll börnin sögu við sitt hæfi og þessi truflun minnkaði mjög mikið og hætti svo að lokum.

Söngstundir: Söngstundir eru alltaf fyrir mat. Við höfum lagt mikla áherslu á Grenilundi að syngja með börnunum á þessum tíma. Börnin hafa fengið að vera þátttakendur í því að velja hvaða lög eru

sunginn með kennara. Við ætlum að halda áfram á þessari braut, styrkja hvert annað í söngnum og vera dugleg að fara yfir og endurmeta söngstundir á deildarfundum. Einnig hefur okkur fundist koma best út að leyfa börnunum að stýra svolítið söngstundinni, hvað við syngjum og hvernig við ætlum að haga hverri söngstund fyrir sig.

Spila með börnunum: Eitt af þeim umbótaverkefnum sem Grenilundur stefndi að veturinn 2021-2022 var að spila meira með börnunum því það eykur samskipti barnanna, þau læra biðlund og saman í hópi. Þetta myndi ég vilja setja aftur í umbótarþátt okkar því ég vil að það að spila með börnunum verði markvissara hjá okkur, eftir kaffitímann eða í vinnustundum væri upplagt að spila, nokkur börn fara saman fram og velja spil.

Sögugerð: Því miður höfum við ekki náð að vinna með sögugerð eins markvisst og við hefðun vilja gera, gott er að vinna þetta í smærri hópum eins og í vinnustund. Sögugerð vinnur á mörgum þáttum hjá barninu, það eflir mál, styrkir barnið að koma fram og sköpun.



Vinnustund: Vinnustundir gengu heilt á litið vel hjá okkur. Við náðum að hafa vinnustundir 4x í viku og vorum vel skipulögð, við stefnum auðvitað á að næsti vetur muni ganga eins vel hjá okkur. Eina sem okkur hefur fundist erfitt er að við höfum verið með börn sem hafa litla athygli og því er 40 mín vinnustund frekar langt. Við ætlum því að skoða það í haust að hafa breytilegar vinnustundir þar sem við munum vinna borðvinnu í einhvern tíma og svo breyta til og hafa jafnvel einhverja leiki sem tengist námi barnanna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að hvert barn fari í útinám amk 1 sinni í viku.	Fara í minni hópum þannig fær hvert og eitt barn að njóta sín meira.	Starfsmenn deildar.	Sept 2022	Maí 2023	Að fá börn til að vera meiri þátttakendur í að ákveða hvað á að gera í útinámi.	Að börn fái að kynnast sínu nærumhverfi meira og auka skilning sinn á náttúrunni.
Sögugerð	Að hvert og eitt barn fái að gera sögu amk 2 sinnum á önn, sögugrunn.	Börnunum skipt í smærri hóp og unnið með sögugrunninn	Allir á deildinni, mun bera ábyrgð á sínum hóp í sögugrunni.	Ág 2022	Maí 2023	Starfsmenn skrá niður söguna hjá hverju barni og geyma hana, sögur þeirra fara svo í ferilmöppu barnanna.	Í gegnum sögugerð fá öll börn tækifæri að tjá sig, málörvun og æfa hugmyndaflugið, spuni.
Uppeldi til ábyrgðar	Markmið er að hvert barn fái tækifæri til að þekkja sitt sjálf, sínar þarfir og að börn fá skilning að þarfir okkar séu misjafnar.	Starfsmenn munu greina börn eftir könnun.	hópstjórar	Jan 2023	Maí 2023	Könnun eða spurningar fyrir börnin og rætt á deildarfundum hvernig við ætlum að vinna áfram með þetta.	Að börnin læri að þekkja sína styrkleika. Að starfsmenn á deildinni þekki barnahópinn betur og eru tilbúin að koma á móts við börnin í sambandi við hæfni og getu.
Demantaaðferðin	Að gera demant amk 1-2 x á önn með börnunum	Starfsmenn deildarinnar.	Hópstjórar og annað starfsfólk á deildinni	Sept 2022	Maí 2023	Á deildarfundum ræða hvenær gera eigi demant, ræða við börnin	Að við fáum betri yfirsýn í hverju áhugi barnanna liggja í leik og starfi á deildinni.



	m, að börnin uppfylli að þeirra skoðun skiptir máli.					hvað þau vilja endurmeta.	
Félagsfærni	Að börn öðlist hæfni og vilja til að eiga í jákvæðu samskiptum við bæði börn og kennara.	Vinna í litlum hópi í vinnustund, samverustund, útinámi. Lesa sögu og fleira.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Sept 2022	Maí 2023		Að öll börn öðlist öryggi á deildinni og minnka árekstra í barnahópnum.

4.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar

Síðasta ár má svo sannarlega teljast farsælt ár hjá okkur í Víðilundi. Starfsmenn standa sig vel í samstarfi og við erum öll sammála um að vinna samkvæmt áætlun er öllum til góðs.

Annað ár með Covid-19 hefur kennt okkur að skipuleggja starfið vel og þó að skuggi Covid-19 hafi verið áberandi alls staðar tókst okkur að ná markmiðum okkar sem sett voru okkur í viku- og mánaðaráætluninni. Starfsmenn fengu reglulega tækifæri til að skipuleggja vinnu sína (undirbúning) því við vitum þetta öll hversu mikilvægt það er að geta undirbúið sig fyrir vinnu eða ný þemu.

Útinám - Útinám gekk vel á síðasta ári. Kennarar skiptust á mánaðarlega og þess vegna varð kennslan fjölbreytt og áhugaverð fyrir börnin. Við ræddum oft við börnin og tókum saman ákvarðanir um áætlanir og fyrirætlanir um útinám, sumar hugmyndir komu frá börnunum, aðrar frá kennurum. Útinám var viðurkennt af börnunum sem einn af hápunktum vikulegrar dagskrár hjá okkur.

Þema - eftir sumarfríð 2021 var ákveðið að gera nokkrar breytingar á vikuáætlun. Í stað þess að hafa tónlistartíma einu sinni í viku, myndlistartíma einu sinni í viku og íþróttatímar einu sinni í viku ákváðum við að dýpka efnið og einbeita okkur meira að sérstökum kennslustundum mánaðarins. Það þýðir samt ekki að það hafi ekki verið aðrir stundir. Eftir vinnuna með þetta nýja fyrirkomulag tókum við eftir því að kennarar hafa meiri tíma og frelsi til að undirbúa kennsluna og börnin vinna með hvert þema dýpra og af meiri nákvæmni.

Vinnustundir - eins og í fyrra ákváðum við að halda hugmyndinni áfram um okkar vinnustundir á Víðilundi þannig að kennarar fengu ekki fasta hópa og þær myndu skiptast á eftir mánuð. Eins og í fyrra voru vinnustundir haldnar reglulega, en með því að deila hugmyndum og athugasemdum á síðasta skipulagsdegi ákváðum við að hafa það þema sem unnið er að mánaðarlega að leiðarljósi til að skipuleggja kennsluna betur.

Sögugerð - Því miður hefur oft verið litið fram hjá þessu atriði í áætluninni okkar, sérstaklega meðal yngri barna. Við höfum ákveðið frá og með næsta ári að taka sögugert inn sem fastan hluta af vinnustund til að hafa þessa kennslu reglulega. Við ætlum að skipta barnahópnum reglulega í vinnustundum í smærri hópa og bjóða þeim upp á verkefni í 3-4 barna hópum og æfa sögugerð með þeim.

Sögustund – Við á Víðilundi erum með fastan tíma fyrir sögustund sem er alltaf eftir hádegismatinn. Börnunum er skipt í þrjá hópa eftir hlustunar getu. Að mati elstu barnanna var sögustund ein leiðinlegasta stundin á okkar áætlun, sem sannar að við verðum líka að gera breytingar á þessu. Deildarstjóri hvatti oft börn og foreldra til að koma með bækur að heiman svo að sögustundin yrði ef til vill áhugaverðari og mikilvægur viðburður fyrir börnin. Þetta voru þó oft bækur sem lágu undir hlustunarlæsi barna. Það er líka mikilvægt að bæta því við hér að bækurnar sem við veljum fyrir börn eru oft framhaldssögur sem eru ekki með mörgum myndum og teikningum sem börn eru svo vön, sérstaklega tvítýngd börn. Við verðum að skoða þetta betur og gera smá lagfæringar á sögustundunum okkar.

Demantaaðferð - uppeldi til ábyrgðar er ein af stefnum leikskólans okkar og demantaaðferðin er leiðin til að útfæra það. Við ákveðum oft með börnum hvað á að vinna að í okkar áætlun vegna þess að við viljum að stundirnar eigi að vera áhugaverðar fyrir þau og fyrir okkur kennara. Börnin gefa okkur góðar vísbendingar um hvað við getum breytt eða bætt við. Deildarstjóri ræddi við börnin tvisvar á ári (samkvæmt áætlun) til að draga saman hvað gengi vel og hverju þyrfti að breyta.

Spila með börnunum - við ákváðum í fyrra að leggja meiri áherslu á leiki með börnunum. Við spiluðum meira en mér finnst að það hafi ekki verið eins markvisst og við vonuðum til. Við byrjuðum oft að spila eftir útiveru og börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt verkefni og þau voru dugleg að taka þátt í því. Vandamálið var að spila á sama tíma og síðdegishressingin er og börnin vildu oft ekki fara að borða til að missa ekki tækifærið að halda áfram að spila. Eftir páska ákváðum við að setja spil inn sem fastan lið í vinnustund og það gekk vel. Við ætlum að halda því áfram á komandi skólaári.

Lubbastund - við erum með reglulega kennslu um Lubba sem finnur málbein alla þriðjudaga í stað vinnustundar. Oft í sömu vikunni förum við í Lubba verkefni í vinnustund til að styrkja innlöggin um



nýja bókstafinn / hljóðið. Börn sýna mikinn áhuga og við sjáum að þeim finnst lubbastundir áhugaverðar og fjölbreyttar. Á þriðjudögum lesum við alltaf söguna í Lubbabókinni, kynnum okkur nýtt lag og vinnum með hljóð vikunnar á margvíslegan hátt eftir getu og aldri barnanna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Spila með börnunum	Að hafa fastan og reglulegan tíma til að spila við börnin	Starfsmenn spila við börnin í vinnustund 1x sinni í viku	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2022	Júní 2023	Skipta um spil reglulega, heyra frá börnunum hvað þeim finnst skemmtilegt að spila, leyfa börnunum að velja spil.	Börnin læra fjölbreytt spil, þau læra að spila eftir reglunum
Þema í vinnustundum	Að vinna mánaðarlega hugmynd sem hjálpar okkur að skipuleggja vinnustund út frá þema.	Starfsmenn munu að ákvæða framtíðar efni	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2022	Maí 2023	Nota tækifæri á deildafundum að ræða saman um þema næsta mánuð.	Að öll börn læri jafnmikið en samt fjölbreytt og ekki bjóða sama verkefni nokkrum sinnum
Sögugerð	Að taka frá tíma í sögugerð	Starfsmenn að bjóða börnunum að fara í sögugerð í gegnum vinnustund 1x sinni í mánuði	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2022	Maí 2023	Hafa sögugerð sem fastan lið af vinnustund 1 x í mánuði í litlum hópum, 3-4 börn saman	Að öll börn á deildinni fá tækifæri að fara í sögugerð reglulega til að styrkja þau í að búa til sögu,



							bæta við orðaforða og efla frásagnar hæfni.
Sögustund	Að hafa sögustundir fjölbreyttar	Starfsmenn munu að bjóða börnunum að hlusta á fjölbreyttar og skemmtilegar sögur	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2022	Júní 2023	Tala við börnin reglulega um þeirra óskir, hvað langar þeim að hlusta á. Lesa sögur eftir áhuga barna.	Börnin fá góða stund með bók sem þau hafa áhuga að hlusta á, þau læra að halda athygli og svara spurningum úr sögunni



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Veturinn 2021-2022 fórum tókum við aðeins breytta stefnu við skipulag sérkennslu. Reynt var að færa þann hluta sem raunhæft var að breyta meira inn á deildir og til stuðnings við það starf sem fyrir var í gangi innan deilda. Við stofnuðum einnig teymi sem sinntu börnum með þyngri þjónustuþarfir þar sem einn aðili var ábyrgur fyrir umsjón hvers barns og samskiptum við foreldra og stoðþjónustu en a.m.k. 2 eða fleiri komu þó að allri almennri þjálfun barnsins og umönnun. Þar sem við á voru notaðar skráningar atferlisþjálfunar en einnig hafa verið fylltir út listir sem eru okkar eigin samsetning á nokkrum ólíkum listum s.s. Staða, framfarir, framhald og f.l.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hljóm-2 var lagt fyrir elsta árgang, AEPS fyrir flest sérkennslubörn og önnur börn með afmarkaðan vanda, EFI-2 var lagt fyrir fyrri hluta vetrar og TRAS eftir þörfum.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukið samstarf innan sérkennsluteymis	Vera reglulega með sérkennslusamr áð innanhúss sbr. deildarfundir. Skapa fastari grundvöll til þess að miðla	Setja niður a.m.k. 2 dagsetningar á hvorri önn fyrir slíkan fund.	Sérkennslustj. og leikskólastjóri	Að hausti 2022.	Lokið til endurmat s að vori 2023 – en verkefni sem þarf að viðhalda áfram.	Athuga að slíkir fundir hafi farið fram og hvort að ánægja hafi verið með þá innan sérkennsluteymis.	Ánægja og að sjá meggi að slíkt skili sér í betri gæðum / markvissari vinnu.

	þekkingu innanhúss á milli húsa og deilda.						
Útbúa áætlun fyrir almenna framkvæmd sérkennslu	Stuðla að meira samræmi í sérkennslu innanhúss, sbr. á milli deilda og húsa.	Búa til leiðbeininga og/eða handbók um fyrirkomulag sérkennslu í Hálsaskógi. Matslistar, teymisfundir, ráðgjafar og þjálfun.	Sérkennslustjórnari	Að hausti 2022	Áramót 2022-2023	Að slíkar leiðbeingar verði til.	Notagildi fyrir þá sem sinna sérkennslu mest.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	50% stöðugildi sinnti þessum hópi. Bæði nýttist það í því að starfsmaður kom inn á deild, tók þátt og studdi við nám barnanna í hefðbundnu starfi en einnig er um einstaklings- og hópstundir að ræða en horft er til færni hvers og eins í því tilliti.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allar deildir nota Gefðu 10 yfir veturinn og er það orðið ansi þjálfverkfæri í höndum starfsmanna. Við höfum einnig stuðst við Orðalista MMS og orðalista úr atferlisþjálfun til þess að rifja upp og fylgjast með.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við reynum að vera meðvituð um að byggja ofan á þann orðaforða sem börn hafa þegar og auka skilning. Stundir með kennara sem sinnir fjöltyngdum börnum koma þar sterkar inn þar sem bækur eru valdar með þarfir hópsins í huga en í stærri hóp geta þær verið ólíkar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum sett saman lista úr bókinni Snemmtæk íhlutun sem kallast þjargir og Staða, framfarir, framhald sem markmiðið er að fylgjast með 3x yfir skólaárið. Einnig sjáum við stöðu barna á þeim matslistum sem lagðir eru fyrir öll börn s.s. EFI-2, Tras og Hljóm-2.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Eins og með öll börn reynum við að mæta því þar sem þau eru stödd hverju sinni og þar með að styrkja alla þroskaþætti til jafns, bæði innan málþroska og annarra þátta. Áherslan er alltaf sú að setja mesta áherslu á það sem við teljum gagnast barninu best.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markmiðasetning	Að bæta markmiðasetningu fyrir hvern og einn.	Að útbúa markmið fyrir hvert og eitt barn sem unnt er að endurmeta yfir skólaárið.	Sérkennslustjóri & verkefnastjóri fjölmenna r. Jafnvel í samráði við deildarstjóra.	Haut 2022	Áframhaldandi verkefni án lokadagsetningar.	Að þetta sé framkvæmt og til staðar.	Að markmið nýtist í vinnu með barnið.
Aukið samstarf deildar & verkefnastj. fjölmenna	Að verkefnastjóri fjölmenna fái tækifæri til að kynna deildinni (t.d. á deildarfundum) markmið og áherslur hans fyrir hvert barn. Að unnið sé að sama markmiði innan deildar og utan.	Verkefnastj. fjölmenna kæmi á deildarfund 1x á önn (og eftir þörfum) til þess að fara yfir áherslur og stuðla að sameiginlegum markmiðum.	Sérkennslustjóri og verkefnastj. fjölm.	Haut 2022.	Áframhaldandi verkefni.	Að þetta hafi farið fram á deildarfundum.	Að þetta samráð skili árangri og börn og starfsfólk njóti góðs af.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Því miður náðist ekki að klára öll starfsþróunarsamtöl síðastliðið skólaár vegna manneklu. Við höfum verið með snerpusamtöl og hafa þau gefist vel. Áætlað er að byrja á starfsþróunarsamtölum í september og svo aftur í febrúar/mars. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka þessi viðtöl.

Síðastliðið skólaár fengum við fyrirlestur um vellíðan og samskipti á vinnustað, skyndihjálparnámskeið, fyrirlestur um vatnsafl í Hellisheiðarvirkjun, Regnbogafræðslu, fyrirlestur um fordóma, fyrirlestur um menningarnæmi og þá heimsóttum við leikskóla á Selfossi og kynntum okkur starfið hjá þeim. Auk þessa fóru starfsmenn á ýmis konar námskeið.



Einn starfsmaður kláraði nám stuðningsfulltrúa í vor og tveir starfsmenn eru í leikskólaliðanámi. Tveir starfsmenn eru í námi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Annar er í grunnskólakennarafræðum með áherslu á yngri barna sviði og hinn er í meistaranámi í tónlistarkennslu. Einn starfsmaður er í diplómanámi í atferlisfræðum í erlendum háskóla.

Næsta skólaár er áætlað að kafa dýpra í útinám en ráðgert er að fara í námsferð til Edinborgar til að kynna okkur útinám þar. Einnig ætlum við að fá fræðslu um málörvun og gera málörvunarefni aðgengilegra öllu starfsfólki til að nýta í daglegu starfi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skólastjórnendur í Seljahverfi hafa hist á fundum og helst samvinna skólastiganna í nokkuð föstum skorðum.

- **September:** Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
- **Október:** Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
- **Nóvember:** Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- **Febrúar:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- **Mars:** Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2023-2024.
- **Mái:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.
- Báðir grunnskólarnir í hverfinu, Seljaskóli og Ölduselsskóla hafa boðið elstu börnunum að koma á nemendaleiksýningar og þá er okkur boðið í Ölduselsskóla fyrir páskana að skoða páskaunga sem eru þar ár hvert.
- Auk þessa erum við í samstarfi við Ölduselsskóla með valáfanga hjá unglingastiginu þar nemendur í 8., 9. og 10. bekk geta valið valgrein sem heitir *Aðstoð í leikskóla*. Þau koma þau einu sinni í viku, tvo tíma í senn og stendur hvert tímabil yfir í átta vikur. Mikil ánægja hefur verið með þetta samstarf.



8 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð Hálsaskógar er skipað þremur til sex fulltrúum sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri heldur utan um foreldraráðið og boðar reglulega til fundar sem haldnir eru í lok dags. Þennan veturinn hefur verið minna um fundarhöld en venjulega vegna covid - 19 en meira um samráð vegna breytinga á skipulagsdögum.
- Foreldrafundur er haldinn að hausti í september/október og að morgni til. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sitja þennan fund. Farið er yfir komandi skólaár og hverjar áherslur verða í starfinu. Auk þess fá foreldrar kynningu á foreldrahandbók og leikskóladagatalinu. Haldnir eru tveir fundir, einn fundur fyrir hvort hús. Áætlað er að hafa þessa fundi 20. og 27. september. Kynningarfundur er haldinn fyrir foreldra nýrra barna að vori þar sem farið er yfir áherslur leikskólans, sem og hvernig fyrirkomulag aðlögunar er. Þetta árið var hópnum skipt niður á tvo fundi og er búið að halda þá. Deildarstjórar hafa síðan samband við foreldra og fá þau í viðtal áður en börn þeirra byrja í leikskólanum.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtölin fara fram í nóvember og þar er farið yfir líðan barnsins. Í seinni viðtölunum sem venjulega fara fram í mars er farið í líðan og þroska barnsins. Foreldrum er boðið upp á fjarviðtal eða símaviðtal í október og einnig í apríl/maí en þá leggjum við samt áherslu á að viðtalið sé tekið á staðnum. Þetta hefur gefist vel og sjáum við fyrir okkur að halda áfram að bjóða upp á þetta form viðtala. Foreldrar barna sem eru að byrja í Hálsaskógi eru alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins hefst. Í maí/júní eiga sér stað foreldraviðtöl fyrir foreldra þeirra barna sem eru að flytjast á milli húsa og deilda. Það viðtal sitja fráfaramandi deildarstjóri barnsins og væntanlegur deildarstjóri.
- Foreldrafélag er starfandi í Hálsaskógi og í félaginu sitja 5-6 fulltrúar og skipta þeir með sér verkum. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og halda utan um ýmsa viðburði. Félagið stendur einnig straum að ýmsum kostnaði s.s. leiksýningum, sveitaferð og jólaballi. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og situr fundi með þeim. Foreldrafélagið hittist til að funda þegar þörf er á, eins fara fram samskipti inn á lokuðum hóp á Fésbókinni.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2022-2023	
Föstudagur 9. september	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Föstudagur 25. nóvember	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Föstudagur 3. febrúar	Heill skipulagsdagur.
Miðvikudagur 15. mars	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Miðvikudagur 19. apríl og föstudagur 21. apríl	Heill skipulagsdagur. Starfsfólk leikskólans fer í námsferð



10 Fylgigögn

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Leikskólinn Hálsaskógur**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur verslunarmarkaður	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalýðsdagurinn	1 F	1 L Hálsaskógur 12 ára
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F Skipulagsdagur	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjómanna dagurinn	4 Þ
5 F	5 M Aðlögun 2	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ Jólaverkstæði Borg	6 F Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans - Rugla	6 M	6 F Skírdagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur tónlistarskólans	7 Þ	7 F Föstudagurinn langi	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn eiðuneyti	8 F Jólaverkstæði Kot	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F Skipulagsdagur	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Páskadagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	# M	# F	# L	# Þ Vasaljósdagur	# F	# F	# M Annar í páskum	# M	# L	# M
11 F	11 S	# Þ	# F	# S	# M	# L Dagur íslenska táknmálunnar	# L	# Þ	# F Skógardagur	# S	# Þ
12 F	12 M	# M	# L	# M	# F	# S	# S	# M	# F	# M	# M
13 L	13 Þ	# F	# S	# Þ Rauður dagur	# F	# M	# M	# F	# L	# Þ	# F
14 S	14 M	# F Bleikur dagur - foreldrafundur	# M	# M	# L	# Þ	# Þ Dagur stærðfræðinnar	# F	# S	# M	# F
15 M	15 F	# L	# Þ	# F	# S	# M	# M Skipulagsdagur	# L	# M	# F	# L
16 Þ	16 F Grænn dagur	# S	# M Dagur íslenskrar tungu	# F Jólaball	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F Sumarhátíð	# S
17 M Aðlögun á milli húsa	17 L	# M	# F	# L	# Þ	# F	# F	# M Barnamenningarhátíð	# M	# L Lýðveldisdagurinn	# M
18 F	18 S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ Uppstigningardagur	# F	# S	# Þ
19 F	19 M	# M	# L	# M	# F	# S Konudagur	# S	# M Skipulagsdagur	# F	# M	# M
20 L	20 Þ Foreldrafundur í Koti	# F	# S Dagur mannréttinda	# Þ	# F Bóndadagur	# M Bolludagur	# M	# F Sumardagurinn fyrsti	# L	# Þ	# F
21 S	21 M	# F	# M	# M	# L	# Þ Sprengidagur	# Þ Sokkadagur	# F Skipulagsdagur	# S	# M	# F
22 M Aðlögun 1	22 F Leikskólaráðstefnan	# L Fyrsti vetrardagur	# Þ	# F	# S	# M Öskudagur	# M	# L	# M Fjölmenningsvika	# F	# L
23 Þ	23 F	# S	# M	# F Þorláksmessa	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	# S
24 M	24 L	# M	# F	# L Aðfangadagur jóla	# Þ	# F	# F	# M	# M	# L	# M
25 F	25 S	# Þ	# F Skipulagsdagur	# S Jóladagur	# M	# L	# L	# Þ	# F Regnbogadagur /kaffi	# S	# Þ
26 F	26 M Evrópski tungumáladagurinn	# M	# L	# M Annar í jólum	# F	# S	# S	# M	# F	# M	# M
27 L	27 Þ Foreldrafundur í Borginni	# F Bangsa-og náttfatadagurinn	# S	# Þ	# F	# M	# M	# F	# L	# Þ	# F
28 S	28 M	# F	# M	# M	# L	# Þ	# Þ	# F	# S Hvítasunnudagur	# M	# F
29 M	29 F	# L	# Þ	# F	# S		# M	# L	# M Annar í Hvítasunnudag	# F	# L
30 Þ	30 F	# S	# M	# F	# M		# F Gulur dagur	# S	# Þ	# F Afmæli leikskólans	# S
31 M		# M		# L Gamlársdagur	# Þ		# F		# M		# M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfshóls eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

F. h. leikskólans Hálsaskógar

Ásgerður Guðnadóttir
Leikskólastjóri

Dagsetning
30.06.2022



Fylgigögn

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björnsdóttir

Edda Björg Þórðardóttir

Írena Guðlaugsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starfsíðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er vel unnin, með fagmannlega unnum og metnaðarfullum markmiðum.

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á leikskólastarfið annað árið í röð ásamt innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar með tilheyrandi manneklu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður starfsfólks tókst að viðhalda skólastarfi af mikilli fagmennsku með jákvæðni og gleði í fararbroddi. Gerð var viðhorfskönnun á meðal starfsmanna sem kom vel út sem er gríðarlega jákvætt og í takt við upplifun margra foreldra, að starfsfólki virðist líða vel í vinnunni.

Foreldrar eru vel upplýstir um starfið í gegnum tölvupósta, heimasíðu, facebook síður og samskipti við starfsfólk. Vikulegir tölvupóstar um liðna viku eiga þátt í að tengja saman heimili og skóla og gera foreldrum og forráðamönnum kleift að eiga ítarlegri samræður við börnin, þá sérstaklega þau yngstu, um það sem þau gera á leikskólanum ásamt því að sjá myndir úr starfinu á heimasíðu leikskólans. Einnig getur það skipt miklu máli fyrir foreldra að fylgjast með hvernig barnið borðaði í hádeginu og hvað þau sváfu lengi en þær upplýsingar eiga að koma inn í Völu appið en það á það til að gleymast að merkja inn.

Haldnir voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrar fengu að kynnst starfinu betur sem er ekki bara jákvætt heldur mjög skemmtilegt en þetta hefur einnig verið krefjandi þáttur á tímum samkomutakmarkanna síðastliðin tvö ár.

Í starfsáætlun kemur fram að leikskólinn náði ekki öllum þeim markmiðum sem hann setti sér í Menntastefnu Reykjavíkurborgar og verður því áfram unnið að sömu markmiðum næsta skólaár. Eitt af því sem tókst vel síðast liðið ár er málörvun og þar er meðal annars unnið með efnið Lubbi finnur málbein sem eflir hljóðkerfisvitund barna, stuðlar að auðugri orðaforða og leggur góðan grunn að lestrarnámi.

Leikskólinn kemur að ýmsum spennandi verkefnum en vegna aðstæðna sem sköpuðust vegna heimsfaraldursins og manneklu þurftu stjórnendur að setja raunhæf markmið, bæta ekki við verkefnum heldur einbeita sér að þeim verkefnum sem voru komin vel á veg eins og grænfanastarfið á meðan önnur sátu jafnvel aðeins á hakanum.

Í starfsáætlun kemur fram áætlun um að bæta aðstöðu starfsfólks sem er mjög jákvætt, húsnaðið er ekki hannað fyrir almennilega sérkennsluáðstöðu sem þarf að bæta úr og búið er að óska eftir skála eða gám fyrir starfsmannarými og þá væri hægt að útbúa viðeigandi sérkennsluáðstöðu á þeim svæðum sem verða rýmd í staðinn. Þetta mælir foreldraráð með að verði sett í framkvæmd. Stjórnendur hafa unnið frábært starf undir miklu álagi og eiga hrós skilið. Stefnt er á markvissari starfsþróunarsamtöl en á síðast liðnu skólaári náðist ekki að taka samtöl við alla starfsmenn. Starfsfólk hefur fengið ýmsa fræðslu og setið námskeið og virðast starfsdagar hafa nýst vel. Í lok apríl fékk leikskólinn Regnbogavottun og er starfsfólk þegar farið að vinna eftir þeirri fræðslu sem þau fengu og næstkomandi haust stendur til að setja niður skýr markmið í þeim efnum. Styttning vinnuvikunnar hefur verið innleidd eins og fram hefur komið en það er ljóst að þörf er á auknu fjármagni til leikskólanna ef útfærsla hennar á að ganga upp gagnvart börnunum okkar, leikskólastarfinu og starfsfólki. Við sem foreldrar viljum gjarnan frá frekari upplýsingar um þá útfærslu.



Útivera hefur verið til fyrirmyndar þrátt fyrir misgott veður og þá hafa helst allra yngstu börnin liðið fyrir það að veðrið og færðin sé slæm. Framkvæmdirnar og nýja leiksvæðið á lóð Borg hefur vakið mikla lukku og til stendur að ljúka þeim framkvæmdum fyrir haustið og mikil tilhlökkun er til næsta árs þegar framkvæmdir hefjast á lóð Kots. Eitthvað hefur verið um framkvæmdir innan hús líka sem er jákvætt.

Útinámið er í stöðugri þróun og nýja útinámssvæðið á Borg hefur vakið mikla lukku og það munaði um að hafa þetta svæði þegar útinámið hefði annars fallið niður vegna manneklu og veðurs. Það var sterkur leikur hjá Reynilundi og Lerkilundi að hefja samstarf í útinámi til þess að börnin fengu að njóta þess þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Eldri deildunum á Kot tókst betur til að halda sig við áætlun útinámsins, þar hafði aldur barnanna eflaust áhrif.

Þetta skólaár var minna um fundarhöld hjá foreldraráði vegna covid 19 en ráðið hefur verið í samráði um breytingar á skipulagsdögum og hvenær leikskólinn myndi loka vegna sumarleyfa. Fulltrúi foreldraráðs sótti fund með borgarstjóra þar sem aðilum allra foreldraráða í Breiðholti voru boðaðir. Sá fundur var upplýsandi til að sjá hvaða atriði aðrir foreldrar í öðrum leikskólum voru að leggja áherslu á í sínu starfi. Heilt yfir var jákvætt að heyra hvað margir fulltrúar voru ánægðir með það starf og þjónustu sem börnin fá í hverfinu.

Vonandi verður næsta starfsár hefðbundnarara en þau síðustu og að starfið með börnunum verði áfram gott sem og líðan starfsfólks. Mikilvægt er að halda áfram og þróa starfið frekar og því einnig mikilvægt að setja í starfsáætlun næsta starfsárs ný atriði sem gefur kost á áframhaldandi þróun og uppbyggingu.

Foreldraráðið vill koma með eftirfarandi tillögu:

Hverfið hefur eflst mjög að undanfögnu, mikil endurnýjun fólks í hverfinu og fjölgun barna. Íþróttastarf og aðstaða ÍR hefur aldrei verið betri, fjöldi nemenda í tónlistarskóla aukist o.s.f.v. Á sama tíma sýna tölur að börn af erlendu bergi brotnu í Breiðholti sækja tómstundastarf minna en önnur börn. Elstu börnin á Hálsaskógi eru í íþróttaskóla ÍR sem er mjög jákvætt en tilvalið þætti okkur að gefa næst elstu börnunum frekari kynningu á íþróttastarfi og ekki síður tómstundastarfi í hverfinu. Með því að heimsækja þessar íþrótt- og tómstundamiðstöðvar og vera í virku samstarfi við þau yfir árið gefur það börnum á leikskólaaldri tækifæri á að sjá og kynnast ýmsum íþróttum og öðru tómsundarstarfi sem er þó ekki hluti af þeirra hefðbundna leikskólastarfi. Slíkt aukið samstarf gæti verið skemmtilegt fyrir alla sem að því koma sem og styrkt börnin í að átta sig á umhverfi sínu og tækifærum.





